

# Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni. FaMos.

**Aðalfundur FaMos haldinn í Hlégarði mánudaginn 17. febrúar 2020 kl. 20:00.**

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stjórnar FaMos, Ingólfur Hrólfsen, bauð þátttakendur velkomna. Hann setti fundinn og tilnefndi Magnús Sigsteinsson sem fundarstjóra og Snjólaugu Sigurðardóttur sem ritara. Það var samþykkt. Fundarstjóri þakkaði traustið og kynnti í framhaldinu næsta dagskrárlið.

## 2. Skýrsla stjórnar

Ingólfur Hrólfsen formaður hóf mál sitt með því að minnst Grétu Aðalsteinsdóttur, fyrrverandi formann FaMos, sem lést á liðnu ári.

„Í upphafi fundar vil ég minnst Grétu Aðalsteinsdóttur sem var formaður félagsins 2006 til 2010. Gréta var formaður ferðanefndar þegar við hjónin fórum að mæta í opið hús. Hún fékk okkur til að vera leiðsögumenn í ferð til Djúpavogs. Þar sem ég hafði ekki önnur samskipti við hana fékk ég Sigurð Hreiðar til að segja frá í stuttu máli.

„Gréta var skarpskyggn og skoðanaföst, hafði gott auga fyrir að úthluta verkefnum. Hún átti hugmyndina og frumkvæðið að því sem við kölluðum Opið hús/Menningarkvöld–skemmtikvöld með kaffisamsæti í lokin. Í upphafi annaðist stjórnin sjálf veitingarnar og engrar greiðslu var krafist, aðeins beðið um framlög upp í efniskostnað. Fyrsta Menningarkvöldið hefur að líkindum verið haldið haustið 2006, október eða nóvember. Ef ég man rétt voru 11 gestir á þessu menningarkvöldi. Þar með talin stjórn félagsins. Partur af menningarkvöldunum var það sem við kölluðum Menningarkvöld um miðjan dag, stutt skemmtiferð sem ekki átti að taka nema svo sem hálfan daginn. Stjórn Grétu hafði líka frumkvæði að því að fá ákveðinn vikulegan tíma í íþróttahúsinu fyrir félagsmenn að hreyfa sig þó tíðarfar væri ekki alltaf hagstætt til gönguferða. Í framhaldi af því hófust æfingar í boccia og ringó.

Á stjórnartíma Grétu gaf FaMos út fréttabréf sem litprentað var á skrifstofunni og póstlagt til félagsmanna. Þó ekki sé lengra síðan var tölvupóstur ekki á hvers manns heimili.

Ég minnst Grétu ekki síst fyrir röggsemi hennar, glöggskyggni og útsjónarsemi. Afbragðs samstarfsmanns.““

Ingólfur flutti síðan eftirfarandi skýrslu stjórnar:

„Á síðasta aðalfundi voru Kristbjörg Steingrímsdóttir og Margrét Jakobína Ólafsdóttir kosnar í stjórn til tveggja ára og Halldór Sigurðsson og Jóhanna Magnúsdóttir kosin varamenn til eins árs. Áfram sátu Ingólfur Hrólfsen formaður, Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir, en þau voru kosin til tveggja ára á aðalfundi 2018. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Úlfhildur er varaformaður, Snjólaug ritari og Margrét gjaldkeri. Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi.

Nefndir félagsins hafa unnið mikið og gott starf á árinu. Hér á eftir munu formenn nefndanna gera grein fyrir því.

Grétar Snær Hjartarson, almannatengill eða fjöltengill FaMos, vinnur gott og mikilvægt starf við að senda tilkynningar á félagsmenn og við að halda utan um félagaskrána.

Við lentum í nokkru basli í byrjun árs í samskiptum okkar við Arion banka. Það kom upp misskilningur við að setja kröfur á félagsmenn í innheimtu í bankanum. Þetta leiddi til þess að bankinn gerði kröfu um hærri kostnað en við gátum sætt okkur við. Það var síðan leiðrétt og með mikilli vinnu gjaldkera komumst við yfir þetta.

Öldungaráð, samráðsvettvangur FaMos, Mosfellsbæjar og Heilsugæslunnar, komst af stað í maí 2019. Haldnir hafa verið 6 fundir. Tíminn hefur farið í að ræða stefnu í málefnum eldri borgara og er hún nú til afgreiðslu í fjölskyldunefnd. Satt best að segja finnst okkur hlutverk öldungaráðs óljóst og tengslin við bæjarkerfið veik. Vonandi þróast þetta í rétta átt.

Stjórnin samþykkti að leggja Gráa hernum til 50.000 kr. til að stofna sjóð sem þarf til að hægt sé að fara í mál við ríkið vegna tekjutenginga í almannatryggingakerfinu. Nú nýlega samþykktum við að leggja Gráa hernum til 100.000 kr. til viðbótar til greiðslu lögfræðikostnaðar. Félögum FaMos var einnig send beiðni um fjárframlög.

Fulltrúar félagsins sóttu landsfund Landssambands eldri borgara (LEB) síðastliðið vor. LEB beitir sér kröftulega fyrir réttindum eldri borgara þó hægt gangi á stundum. Miklar upplýsingar má finna á vef LEB og hvet ég félagsmenn til að skoða vefinn. Ingólfur Hrólfsson var kosinn varamaður í stjórn LEB.

Starfið í félaginu hefur verið gott síðastliðið ár. Margt er unnið í nánu samstarfi við Félagsstarf Mosfellsbæjar. Samstarfið er mjög gott enda stefna allir í sömu átt, að gera tilveruna ánægjulegri fyrir eldri borgara.

Mjög góð þátttaka er í íþróttastarfinu og er ánægjulegt að sjá hve margir nýta tækifærið, en iðkendur eru nú orðnir um 200. Þátttaka í opnu húsi hefur einnig aukist og hefur stundum verið þröngt um okkur hér í Hlégarði. Námskeið Menningar- og skemmtinefndar hafa notið vinsælda. Nú er nýlokið námskeiði um Mosfellsheiðina. Ferðanefndin hefur staðið fyrir vinsælum ferðum sem fyllast á met tíma. Spilamennska, bingó, jóga, línudans, leikfimi og golf hafa haldið sínu, en skákáhugi hefur reynst lítill. Nýhafin er danskennsla, sem lofar góðu. Velheppnað endurminningaleikhús starfaði í haust. Vonandi tekst að halda því áfram en það er þó óljóst eins og er. Nýverið hófst tilraun með spjaldtölvunámskeið, sem vonandi getur orðið framhald á. Nýir gönguhópar byrjuðu eftir áramót og virðist mikill áhugi vera fyrir þeim.

Rauði krossinn, í samstarfi við Mosfellsbæ, er að koma af stað verkefni sem kallast „karlar í skúrum“. Bærinn leggur til húsnæði, Rauði krossinn leiðbeinir um starfið, annað verður í höndum þeirra sem nota sér aðstöðuna.

Félagar í FaMos eru nú orðnir um 620. Er ánægjulegt að sjá hve margir ganga í félagið. Það er þó varla nema þriðjungur sem tekur virkan þátt í starfi félagsins. Við viljum fá alla með og fögnum nýju fólki sem tekur þátt í starfinu og kemur með nýjar hugmyndir.

Ég vil að lokum þakka Leifi Kr. Jóhannessyni fyrir 18 ára starf sem skoðunarmann félagsins. Það er einstakt að menn endist svo lengi í starfi.“ **Sjá fskj. 1.**

Ingólfur þakkað jafnframt Stefaníu Helgadóttur og Guðrúnu Emelíu Karlsdóttur, sem eru að hætta í kaffinefndinni, fyrir þeirra ómetanlega starf til margra ára.

Klöppuðu fundarmenn síðan þeim Leifi, Stefaníu og Guðrúnu lof í lófa.

### **3. Skýrslur nefnda og hópa**

#### **3.1 Menningar- og skemmtinefnd**

Benedikt Steingrímsson formaður upplýsti að Helgi R. Einarsson hefði tekið sæti í nefndinni í stað Halldórs Sigurðssonar sem varð frá að hverfa vegna veikinda. Að öðru leyti væri nefndarskipan óbreytt. Menningar- og skemmtikvöld, eða svokallað opið hús, er haldið sjö sinnum á ári á tímabilinu október til apríl og yfirleitt annan mánudag í mánuði. Næsta opna hús verður hins vegar haldið 23. mars nk. þar sem að þorri félagsmanna munu dvelja á Tenerife fram yfir miðjan mánuðinn. Dagskráin það kvöld verður kvæðakvöld. Meðalmæting á opnu húsi er um 100 manns en þegar Friðrik Ómar og Jóvgan skemmtu á nóvemberkvöldinu mættu 140 manns. Benedikt nefndi líka námskeiðið um Mosfellsheiði sem Bjarki Bjarnason stýrði og haldið var núna í janúar og febrúar. Sjötta júní nk. verður síðan farið í dagsferð um heiðina.

#### **3.2 Íþróttanefnd**

Pétur Guðmundsson formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

„Í stjórn íþróttanefndar eru auk mín, Sigrún Kröyer, Ursula Jünemann og Hafdís Rut Pétursdóttir.

Starfið hefur verið með hefðbundnum hætti, vatnsleikfimi 3svar í viku í Lágafellslaug. Þar höfum við frábæra þjálfara þær Karin Mattsson og Ursulu Jünemann.

Ringó og boccia er í Varmá, einnig eru bocciatímar á Eirhömrum. Ég hvet FaMosfélaga til að skoða heimasíðuna famos.is, þar eru frábærar myndir af starfi okkar, endilega komið með í góða hreyfilist og frábæran félagsskap.

Leikfimi er á Eirhömrum undir stjórn Karin Mattsson. Gönguhópurinn er 3svar í viku frá Eirhömrum.

Vígsla á nýju fjölnota íþróttahúsi að Varmá, FELLIÐ, var 9. nóvember. Þar er göngubraut, 235 metrar, sem FaMosfélagar hafa til gönguferða innanhúss. Einnig á upphituðum útivelli Varmár. Skáktímar eru á mánudögum. Stólajóga er á föstudögum kl. 10:00, þar stjórnar Edith Ólafía Gunnarsdóttir.

Karl Loftsson hefur stjórnað þúttæfingum, félagsvist og bingó.

Ég vil að lokum geta þess að gönguhópur 60+ var stofnaður nú í janúar 2020. Hvatamaður er Guðjón Svansson.

Einnig vil ég benda á dansleikfimi sem hófst nú í febrúar 2020, Auður Harpa Andrésdóttir stjórnar stuðinu, mikill fjöldi var skráður í fyrsta tíma.

Ég hvet alla FaMosfélaga til að vera með í hreyfilistinni, þetta er svo gaman.“ **Sjá fskj. 2.**

### 3.3 Spilanefnd og pútt

Karl Loftsson hefur umsjón með félagsvist og bingó ásamt púttæfingum. Mæting á æfingum er upp og niður. Árlega eru haldin Íslandsmót og næsta mót verður haldið á Ísafirði. Einnig verður haldið púttmót í Borgarnesi 12. mars nk. Iðkendur geta því flækst um landið eins og Karl orðaði það. Karl hefur kennt eldri borgurum pútt í 26 ár og er þrefaldur Íslandsmeistari í greininni (hér var að sjálfsögðu klappað). Hvað varðar félagsvistina þá er spilað á 4-5 borðum. Lokaorð Karls voru þau að það hljóti að vera hægt að fá fleiri þátttakendur í 620 manna félagi.

### 3.4 Gaman saman

Kristbjörg Steingrímsdóttir meðstjórnandi flutti eftirfarandi skýrslu:

„Gaman saman hefur nú verið dagskrárliður á Eirhömrum í 7 ár, annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina. Gaman saman er samstarfsverkefni FaMos, félagsstarfsins á Eirhömrum og Vorboða. Gaman saman er vel sótt af íbúum Eirhamra og Hamra ásamt öðrum gestum og telst mér til að um 50-60 gestir sækji Gaman saman í hvert skipti. Eins og frá upphafi koma við sögu leikskólabörn frá 6 leikskólum bæjarins ásamt umsjónarfólki, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, stjórnandi Daði Þór Einarsson, Barnakór Varmárskóla, stjórnandi Íris Erlingsdóttir, og nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar sem Atli Guðlaugsson stýrir. Fjöldi þeirra aðila, sem glatt hafa augu og eyru gesta í Gaman saman, eru í kringum 230 manns og fá þeir mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna, þeim Hrafnhildi Ólafsdóttur og Sigrúnu Sigurðardóttur þakka ég alla hjálpina svo og öllum þeim Vorboðum sem hafa rétt okkur hjálparhönd. Segja má að Gaman saman sé orðinn fastur liður í dagskrá leikskólabarnanna sem leikskólastjórnarnir hafa með glöðu geði sett inn í skipulagða dagskrá sína og fá þeir allir góðar kveðjur og þakkir fyrir. Undanfarin þrjú ár hefur Helgi R. Einarsson séð um undirleik og farið með vísur og gamanmál eins og honum einum er lagið, en hann fer líka inn í flesta leikskóla bæjarins og lætur börnin syngja svo að þau koma vel undirbúin í Gaman saman. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á Gaman saman.“ **Sjá fskj. 3.**

### 3.5 Vorboðar

Úlfhildur Geirsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

„Vorboðar er blandaður kór eldri borgara í Mosfellsbæ og var stofnaður 16. desember 1989. Kórinn telur um 50 féлага, æfingar kórsins eru einu sinni í viku og fara fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Stjórnandi kórsins er Hrönn Helgadóttir.

Á yfirstandandi starfsári heldur kórinn upp á 30 ára afmæli sitt og með veglegum tónleikum í Guðríðarkirkju 18. apríl. Á 30 ára afmælisárinu hefur kórinn starfað með hefðbundnum hætti og sungið við guðþjónustur, sungið jólasöngva á hinum ýmsu stöðum og haldið þorablót. Í september sl. hélt svo kórinn til Ítalíu ásamt fríðu föruneyti og söng sig inn í hug og hjörtu Ítala. Framundan hjá kórnum er svo áður nefndir tónleikar í Guðríðarkirkju og þátttaka í árlegu kóramóti á Selfossi í maí. Vorboðar taka fagnandi móti nýjum félögum sem vilja taka þátt í metnaðarfullu og skemmtilegu kórastarfi. Kórstjóri metur hæfni viðkomandi.“ **Sjá fskj. 4.**

### 3.6 Ferðanefnd

Margrét Jakobína Ólafsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

„Það voru farnar tvær ferðir á vegum FaMos og félagsstarfins sl. sumar.

Fyrri ferðin var til Færeyja með hringferð um landið dagana 12.-20 júní.

Það var glaður 40 manna hópur sem lagði í þessa ferð að morgni 12. júní, ferðinni haldið suðurleiðina austur á Breiðdalsvík þar sem var gist eina nótt með kvöldmat og morgunmat. Eftir morgunmat var haldið af stað til Seyðisfjarðar og farið með Smyril Line til Færeyja. Það fóru líka með okkur 4 ferðabílar og ætluðu að vera með okkur í skoðunarferðum. Við fórum vítt og breytt um eyjarnar og sáum margt og mikið. Þegar komið var aftur til baka var farin norðurleiðin. Ég má til með að nefna bílstjórann Guðna Runólfsson, alveg yndislegur maður og hjálplegur í alla staði. Fararstjóri var Baldvin Harðarson, mjög skemmtilegur og sagði vel frá öllu. Hægt er að lesa um þessa ferð og skoða myndir á vefnum á famos.is.

Í lok ágúst var farin dagsferð, hringferð um Snæfellsnesið undir leiðsögn Jóhönnu B.

Magnúsdóttur. Við byrjuðum á að fá okkur að borða á Narfastofu í Stykkishólmi. Við gengum aðeins um staðinn og héldum svo til Bjarnarhafnar og fengum að smakka hákarl og harðfisk og fyrirlestur um hákarlaveiðar. Við ókum í gegnum Grundarfjörð og til Ólafsvíkur. Þar var komið að kaffistoppi á veitingarhúsinu Skeri. Leiðin lá fyrir Jökul og að Dritvík. Á leiðinni að Arnarstapa virtum við fyrir okkur Þúfubjörg, Lóndranga, Malarrif o.fl. Stutt stopp var á Hellnum og síðan var ekið að Arnarstapa þar sem snæddur var kvöldverður. Þetta var góð ferð og skemmtileg en kannski aðeins of löng fyrir suma.

Á döfinni er ferð þann 27. febrúar vestur á Granda og fara þar í skemmtilega „flugferð“ yfir Ísland.

Síðar verður dagsferð austur á Hvolsvöll, Hellu og í Flóann og þar um kring. Þetta verður auglýst bráðum.“ **Sjá fskj. 5.**

### 3.7 Línudans

Kolbrún Jónsdóttir hefur verið leiðbeinandi í línudansi svo til óslitið frá árinu 2003 . Dansinn fer fram einu sinni í viku á mánudögum og eru þátttakendur alla jafna 10-14. Kostnaður er kr. 500 á mann. Ýmist hefur verið dansað í matsal á Eirhömrum eða í safnaðarheimili Lágafellssóknar í Þverholti. Dansað verður út mars þrátt fyrir fyrrnefnda Tenerifeferð.

### 3.8. Gönguhópur Mosó 60+

Formaður las upp úr tölvupósti frá Douglas Brotchie sem gat ekki mætt á fundinn vegna veikinda:

„Mér sýndist vera þörf á röskum gönguhóp og ég tók frumkvæði og boðaði til fyrstu hópögöngu 30. janúar. Hingað til: Skammidalur 30. janúar, 12 þátttakendur, Helgafell 6. febrúar, 10 þátttakendur, Mosfell 13. febrúar, 4 þátttakendur. Hópurinn valdi sig heitið „Fjallafalur“. Áfram verður haldið (en útlit er fyrir niðurfellingu næsta fimmtudag þar sem undirritaður er að ná sér eftir lasleika).“

## **Hér gaf fundarstjóri orðið laust.**

Þorbjörn Eiríksson sté í pontu og lýsti óánægju sinni með að söngæfingar Vorboða færu fram á sama tíma og þúttæfingar. Karl Loftsson svaraði því til að óhægt væri um vik þar sem allir dagar þéttsetnir ýmsum viðburðum og beindi því til Þorbjörns hvort Vorboðar gætu ekki breytt um dag.

Stefanía Helgadóttir sagði frá dansnámskeiði sem í boði væri. Um 60 manns rokkar og tvistar einu sinni í viku undir stjórn fyrrnefndrar Auðar. Vegna fjöldans varð að færa námskeiðið frá Eirhömrum og í íþróttahúsið að Varmá.

### **4. Reikningur félagsins lagður fram til umræðu og afgreiðslu**

Margrét Jakóbína Ólafsdóttir gjaldkeri flutti eftirfarandi skýrslu:

„Í byrjun mars á síðasta ári tók ég við gjaldkerastarfinu af okkar góða Pétri Guðmundssyni. Ég var á báðum áttum þegar ég var spurð hvort ég vildi taka við þessu starfi, ég hugsaði með mér að ég hlýt að geta þetta og steypiti mér beint í djúpu laugina án þess að vita hvað ég var að fara út í. Þetta var því ekki auðvelt til að byrja með en þetta tókst svona nokkuð skammlaust vona ég. Eftir þessa romsu ætla ég að skýra frekar nokkur atriði varðandi ársreikning FaMos fyrir árið 2019. Reikningurinn er á borðunum með staðfestingu skoðunarmanna og stjórnar FaMos.

Tekjur:

Inngreiðslur félagsgjalda voru kr.1.224.196, það er 124.183 kr. lægra en það var 2018. Það voru 120 manns sem ekki greiddu félagsgjöld 2019. Þeir sem eru 85 ára og eldri greiða ekki félagsgjald, það voru 50 manns.

Innborgun v/sögunámskeiðs fer undir tekjur v/menningar- og skemmtinefndar.

Innborgun v/sumarferða fór eins og árið áður í gegnum Elvu, forstöðumanns félagsstarfsins að Eirhömrum.

Hér nefni ég sérstaklega veglegan styrk frá KKB (Samfélagssjóður Kaupfélags Kjalarnespings).

Styrkur kr. 50.173 er frá fyrirtækinu Spánarheimili v/félagsskírteina.

Samtals tekjur kr. 4.624.078.

Gjöld:

Undir liðnum tækjabúnaður o.fl. reiknast nú ýmsar vörur, auglýsingar, heimasíðan, akstur o.fl.

Hluti gjalda v/íþróttta var greiddur á þessu ári.

Samtals gjöld kr. 3.225.136.

Tekjur umfram gjöld kr. 1.398.136.“

### **Sjá skýrslu gjaldkera fskj. 6 og ársreikning FaMos árið 2019 fskj. 7.**

Grétar Snær Hjartarson tók til máls og benti á að óeðlilegt væri að sama fjárhæð væri greidd til Landssambands eldri borgara (LEB) árin 2018 og 2019, þar sem viðmiðunin væri að gjaldið miðaðist við skuldlausa félagsmenn um áramót. Ekki kom fram skýring á málinu á fundinum. Í framhaldinu var reikningurinn samþykktur samhljóða.

## 5. Lagabreytingar

Tillögur stjórnar að lagabreytingum ásamt skýringum höfðu verið sendar félagsmönnum með aðalfundarboðinu, **sjá fskj. 8**. Formaður renndi yfir breytingarnar og fundarstjóri bar þær upp til samþykktar. Grétar Snær kom með tvær breytingartillögur.

### Annars vegar:

Undir kaflanum um Félagsstjórn, liður 6.5.

Breytingartillaga stjórnar hljóðar svo:

Stjórn er heimilt að skipa í nefndir til að annast tiltekna þætti í starfi félagsins. Stjórn ákveður skipunartíma nefnda.

Breytingartillaga Grétars hljóðar svo:

Stjórn **félagsins** er heimilt að skipa í nefndir til að annast tiltekna þætt i starfi félagsins. Stjórnin ákveður skipunartíma nefnda.

Breytingartillaga Grétars samþykkt samhljóða.

### Hins vegar:

Undir sama kafla liður 6.8.

Breytingartillaga stjórnar hljóðar svo:

Ef minnst 15% félagsmanna óska skriflega eftir að boðað verði til almenns félagsfundar um tiltekið eða tiltekin málefni, er stjórninni skylt að verða við því. Til slíks fundar skal boðað með sama fyrirvara og gildir um aðalfund og skal fundarefnis getið í fundarboði. Óheimilt er að taka til umræðu önnur mál en tilgreind eru í fundarboði

Breytingartillaga Grétars hljóðar svo:

Ef minnst **5%** félagsmanna óska skriflega, framhald greinarinnar óbreytt.

Breytingartillaga Grétars samþykkt með þorra atkvæða.

Fundarstjóri bar nú upp lagabreytingarnar með breytingartillögum Grétars og voru þær samþykktar.

## 6. Ákvörðun árgjalds

Samþykkt var óbreytt árgjald að fjárhæð kr. 2.750.

## 7. Kosning stjórnar og varamanna

Ingólfur formaður, Snjólaug og Úlfhildur hafa nú lokið tveggja ára stjórnarsetu sinni. Ingólfur gefur kost á sér til endurkjörs sem formaður og Snjólaug og Úlfhildur gefa einnig kost á sér til endurkjörs. Voru þau samþykkt samhljóða. Jóhanna B. Magnúsdóttir og Bragi Steingrímsson gefa kost á sér sem varamenn og voru þau samþykkt samhljóða. Nýkjörnir varamenn beðnir um að standa upp og var þeim klappað lof í lófa. Kristbjörg og Margrét Jakobína sitja áfram í stjórninni.

Aðalstjórn FaMos starfsárið 2020-2021 er því skipuð eftirtöldum aðilum:

Ingólfur Hrólffsson formaður kennitala: 230546-3559

Kristbjörg Steingrímsdóttir kennitala: 291050-2049

Margrét Jakobína Ólafsdóttir kennitala: 260248-2519

Snjólaug Sigurðardóttir kennitala: 120243-4629

Úlfhildur Geirsdóttir kennitala: 270342-3459

#### **8. Kosning skoðunarmanna ársreikninga**

Leifur Kr. Jóhannesson gefur ekki kost á sér til endurkjörs en Ólafur Gunnarsson gefur kost á sér til endurkjörs og Sara Elíasdóttir gefur kost á sér sem aðalskoðunarmann í stað Leifs. Voru þau samþykkt samhljóða. Kolbrún Jónsdóttir gefur kost á sér sem varaskoðunarmaður og var hún samþykkt samhljóða.

#### **9. Kosning fulltrúa á Landssambandsfund eldri borgara (LEB)**

Tillaga stjórnar um þau Ingólf, Margréti Jakobínu og Úlfhildi sem aðalfulltrúa var samþykkt samhljóða. Jafnfram var samþykkt samhljóða tillaga stjórnar um að þau Kristbjörg, Jóhanna B. og Snjólaug yrðu varafulltrúar.

#### **10. Önnur mál**

Engin önnur mál á dagskrá.

Að lokum þakkaði formaður fyrir traust til nýrrar stjórnar og fyrir þátttöku á fundinum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:20.

Í framhaldinu kynnti Benedikt, formaður menningar- og skemmtinefndar, skemmtiatriði kvöldsins en um var að ræða hóp ungra dansara í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur sem ætla að sýna nokkra erlenda dansa og síðan væri komið að „örþorrablóti í boði FaMos.

Ritari: Snjólaug Sigurðardóttir (sign.)

Fundarstjóri: Magnús Sigsteinsson (sign.)

Stjórnarformaður FaMos: Ingólfur Hrólffsson (sign.)



